

Borgarstjórn Reykjavíkur
8. apríl 2025

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um íbúabyggð í Gufunesi í stað þéttingaráforma í grónum hverfum Grafarvogs

Borgarstjórn samþykkir að falla frá fyrirhugaðri þéttingu byggðar í grónum hverfum Grafarvogs. Þess í stað verði hafist handa nú þegar við uppbyggingu í Gufunesi. Stuðst verði við vinningstillögu í hugmyndasamkeppni um skipulag Gufunessvæðisins frá árinu 2016. Stefnt verði að uppbyggingu 700 íbúða og að íbúafjöldi verði um 1750 manns sem er í samræmi við vinningstillöguna.

Áður en hafist er handa við skipulagsgerð er mikilvægt að leitað verði álits og samráðs hjá þeim sem búa og starfa í Gufunesi og í Grafarvogi.